

1823

Mánudaginn 3. október 1994.

Nr. 36/1993.

Bjarni Jónasson

(sjálfur)

gegn

Maríu Gísladóttur

(Jón Hjaltason hrl.)

Meiðyrði. Ómerking. Fyrning sakar. Aðild. Seta í óskiptu búi.
Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1993. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að teknar verði til greina allar kröfur hans í héraði aðrar en krafa um refsingu. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Á hvorn veginn sem fer, krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta er skriflega flutt samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar á grundvelli heimildar í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I.

Áfrýjandi höfðaði málið í héraði með stefnu, birtri 11. júní 1990, á hendur Vilhjálmi Árnasyni, svo sem greinir nánar í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjunarstefnu var sömuleiðis beint að Vilhjálmi, sem lést síðan 19. febrúar 1993. Fyrir Hæstarétti hefur verið lagt fram leyfisbréf sýslumannsins í Vestmannaeyjum, út gefið 17. mars 1993, handa ekkju Vilhjálms, Maríu Gísladóttur, til að sitja í óskiptu búi eftir hann. Með vísan til 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. og 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 7. gr. laga nr. 48/1989 um breyting á þeim lögum, er rétt að líta svo á, að María taki við varnaraðild að málinu á grundvelli þessa leyfis.

II.

Kröfu sína um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, styður stefndi í fyrsta lagi við þau rök, að 1. október 1993 hafi farið fram árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda. Telur stefndi ljóst samkvæmt þessu, að áfrýjandi sé ekki fær um að greiða málskostnað, sem hann kann að vera dæmdur til fyrir Hæstarétti, en áfrýjandi hafi hvorki sett né boðið fram tryggingu fyrir málskostnaði samkvæmt 133. gr. laga nr. 91/1991.

Í 3. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 er mælt fyrir um, að máli skuli vísað frá dómi í héraði, ef stefnandi setur ekki tryggingu fyrir málskostnaði samkvæmt kröfu gagnaðila og ákvörðun dómara, en samkvæmt 166. gr. laganna, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994, er unnt að beita þessari reglu við áfrýjun einkamáls. Stefndi hefur ekki krafist fyrir Hæstarétti, að áfrýjanda verði gert að setja tryggingu fyrir málskostnaði. Kemur því krafa um frávísun málsins á þessum grundvelli ekki til álita.

Í öðru lagi byggir stefndi kröfu um frávísun á því, að héraðsdóm-inum hafi verið áfrýjað án leyfis eftir lok áfrýjunarfrests. Dómurinn var kveðinn upp 23. október 1992, en áfrýjunarstefna í málinu var gefin út 20. janúar 1993. Var þá ekki liðinn sá frestur til áfrýjunar, sem var mælt fyrir um í þágildandi 1. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991, en ekki var boðið þar, að birta þyrfti áfrýjunarstefnu innan hans. Kemur því ekki heldur til álita að vísa málinu frá af þessum sökum.

Stefndi hefur í þriðja lagi vísað til þess, að mál þetta sé rekið sem einkarefsimál, og hafi áfrýjandi í greinargerð fyrir Hæstarétti gert óbreyttar dómkröfur frá þeim, sem hann gerði fyrir héraðsdómi, þótt stefndi í héraði hafi verið látinn við ritun hennar. Telur stefndi ekki unnt að dæma látinn mann til refsingar, ómerkingar ummæla og greiðslu kostnaðar af birtingu dóms, miskabóta og málskostnaðar.

Í skriflegri sókn í málinu hefur áfrýjandi lýst yfir, að hann falli frá kröfu um refsingu, sem hann gerði fyrir héraðsdómi og síðan við áfrýjun málsins, og er hún því ekki til úrlausnar fyrir Hæstarétti. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 27. gr. laga nr. 20/1991 og 12. gr. laga nr. 8/1962, verður fyrrnefndum greiðslukröfum nú haldið réttilega uppi með sókn þessa máls á hendur Maríu Gísladóttur, en af hennar hálfu hefur ekki verið bent

á nein þau atvik, sem geta valdið, að þær hafi fallið niður vegna andláts Vilhjálms Árnasonar. Krafa um ómerkingu ummæla er að vísu ekki krafa um skyldu málsaðila, sem aðilaskipti geta orðið að vegna andláts hans samkvæmt hljóðan 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991. Eftir eðli máls verður hins vegar að beita í þeirri aðstöðu fyrrnefndum reglum, sem varða afdrif dómsmáls um fjárhagslega hagsmuni eftir andlát varnaraðila, og telja þannig, að kröfum í þessu máli um ómerkingu ummæla verði réttilega haldið uppi á hendur Maríu Gísladóttur.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á kröfu stefnda um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

III.

Kröfur áfrýjanda snúa að ummælum, sem hann kveður Vilhjálm heitinn Árnason hafa látið falla um sig við tiltekin tilefni á tíma-skeiðinu frá 8. maí til 4. desember 1987. Samkvæmt héraðsdóms-stefnu eru ummælin þessi:

1. „Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út.“
2. „Bjarni er geðveikur.“
3. „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi.“
4. „Hann er, sko, geðveikur maðurinn.“

Áfrýjandi krefst miskabóta úr hendi stefnda vegna ummælanna í öllum þessum liðum, en ómerkingar á ummælum í öðrum og fjórða liðnum.

Ummælin, sem eru greind í fyrsta lið, féllu að sögn áfrýjanda í vinnusal Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum að morgni föstudagsins 8. maí 1987. Með vísan til þess, sem segir um þennan lið í forsendum hins áfrýjaða dóms, verður að telja ósannað gegn neitun af hálfu stefnda, að Vilhjálmur heitinn hafi látið þessi orð falla gagnvart áfrýjanda, og verður þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu hans um bætur vegna þeirra.

Áfrýjandi staðhæfir, að ummælin, sem greind eru í öðrum lið, hafi fallið á fundum, sem voru haldnir í Ráðhúsi Vestmannaeyja síðdegis 15. og 22. september 1987 af Önnu Karin Júlíussen félagsráðgjafa og Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi í sambandi við athugun þeirra á mál-efnum Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum. Umrædd ummæli hafa þau Anna Karin og Brynjar eftir Vilhjálmi Árnasyni í skjali,

sem hefur verið lagt fram í máli þessu og ber yfirskriftina „Útdráttur úr viðtölum. – I. 15. 09. '87: Viðtal við Bjarna og Vilhjálmm, kl. 17.15.“ Af hálfu stefnda hefur því verið neitað, að þessi orð hafi fallið. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms kom Anna Karin Júlíussen fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur 10. janúar 1994 sem vitni í máli, sem áfrýjandi í þessu máli hafði höfðað á hendur félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Samkvæmt endurriti af framburði hennar staðfesti hún þar, að í fyrrnefndu skjali væri vísað í orð, sem Vilhjálmmur lét falla á fundi 15. september 1987. Verður þar með að telja nægilega sannað, að Vilhjálmmur heitinn hafi látið hin átöldu ummæli frá sér fara við það tækifæri. Eins og ummælin voru sett fram, verður að telja þau móðgandi í garð áfrýjanda og varða þannig við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þau eru óviðurkvæmileg, og ber því að verða við kröfu um að dæma þau ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Áfrýjandi hefur á hinn bóginn ekki sýnt, að þau hafi verið til þess fallin að valda honum miska, en í því sambandi verður að hafa í huga, að þau féllu á lokuðum fundi, þar sem aðeins voru staddir sérfræðingar, sem ummæli á borð við þessi ættu ekki að hafa áhrif á. Verða áfrýjanda því ekki dæmdar bætur vegna þessara ummæla.

Áfrýjandi heldur því fram, að Vilhjálmmur Árnason hafi látið ummælin, sem eru tilgreind í þriðja lið, falla 22. september 1987 við sama tækifæri og þau, sem er rætt um í næsta lið hér á undan, en ummælin í fjórða liðnum á fundi á Vernduðum vinnustað þann 4. desember 1987. Gegn neitun af hálfu stefnda verður að telja ósannað, að þetta hafi gerst, og verður kröfum áfrýjanda af því tilefni hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Áfrýjandi hefur krafist, að stefndu verði gert að greiða sér 70.000 krónur til að standa straum af birtingu dóms í málinu eða forsendna hans, en um þessa kröfu vísar hann til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin, sem eru tiltekin í öðrum lið hér að framan, teljast varða við 234. gr. sömu laga, en samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 81. gr. laganna var sök samkvæmt því ákvæði fyrnd, þegar málið var höfðað. Með vísan til 6. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga verður stefnda því sýknuð af þessari kröfu.

Eins og atvikum og málsaðild er háttað, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli í 2. lið kröfugerðar áfrýjanda eiga að vera ómerk.

Stefnda, María Gísladóttir, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Bjarna Jónassonar, um miskabætur og greiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 23. október 1992.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem upphaflega var tekið til dóms 18. september sl., en endurupptekið og dómtekið að nýju, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga 91/1991, 22. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Bjarna Jónassyni, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 9. júní 1990, en birtri 11. sama mánaðar, á hendur Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-3329, Vestmannabraut 65 A, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda, Bjarna Jónassonar, eru þessar:

„Að stefnda, Vilhjálmi Árnasyni, verði gert að sæta refsingu vegna brota á 234. gr. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Átalin ummæli eru greind í liði með tölustöfunum 1, 2, 3 og 4 og fara hér á eftir:

1. „Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út.“
2. „Bjarni er geðveikur.“
3. „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi.“
4. „Hann er, sko, geðveikur maðurinn.“

1. tl. varðar við 234. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.
2. tl. varðar við 234. gr. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.
3. tl. varðar við 234. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.
4. tl. varðar við 234. gr. og 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

II.

Að átalin ummæli, greind í 2. og 4. tl., verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

III.

Að stefnda, Vilhjálmi Árnasyni, verði gert að greiða stefnanda 70.000 kr. til að standa straum af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna, í opinberu blaði, einu eða fleirum, samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

IV.

Að stefndi, Vilhjálmur, verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 dæmdur til greiðslu miskabóta, 150.000 kr., stefnanda, Bjarna, til handa vegna átalinna ummæla, er greind eru í liði, merкта tölustöfunum 1, 2, 3 og 4, auk dráttarvaxta samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá 31. janúar 1988 til greiðsludags.

V.

Að stefndi, Vilhjálmur, verði dæmdur til hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá tveimur vikum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.“

Af hálfu stefnda, Vilhjálms Árnasonar, eru gerðar þessar dómkröfur:

„Að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk dráttarvaxta á málskostnað samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.“

Sættir voru reyndar, en reyndust árangurslausar.

Stefnandi, Bjarni Jónasson, sem er ólöglærður, flutti mál sitt sjálfur. Af hálfu dómara var gætt leiðbeiningarskyldu.

II.

Málsatvik.

Á árinu 1987 var stefnandi framkvæmdastjóri Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, sem rekur kertaverksmiðjuna Heimaey þar í bæ. Stefndi var þá verkstjóri í kertaverksmiðjunni. Af gögnum málsins má ráða, að ýmsir samskiptaörðugleikar hafi verið með starfsmönnum í kertaverksmiðjunni. Að tillögu Svæðisstjórnar Suðurlands um málefni fatlaðra voru þau Anna Karin Júlíussen félagsráðgjafi og Brynjar Eiríksson sálfræðingur fengin til að vera ráðgefandi um innra starf bæði varðandi samskipti almennt milli starfsmanna og milli þeirra og yfirmanna svo og við mat og endurmat á störfum fatlaðra og markmiðum með dvöl þeirra á vinnustaðnum. Í framhaldi af þessu fékk stjórn vinnustaðarins þau Önnu Karin Júlíussen og Brynjar Eiríksson til að annast umrædda athugun. Í júní og júlí 1987 áttu þau viðtöl við yfirmenn og öryrkja, er störfuðu á vinnustaðnum. Viðmælendum var heitið því, að viðtölin færu fram í fyllsta trúnaði og öðrum en verkbeiðanda, þ. e. stjórn vinnustaðarins, yrði ekki veittur aðgangur að þeim.

Anna Karin og Brynjar skiluðu síðan tveimur skýrslum um störf sín, og var hin fyrri dagsett 15. júlí 1987, en hin síðari 6. október s. á. Er þau Anna Karin og Brynjar skiluðu skýrslum sínum til stjórnar V.V.V., fylgdi þeim bréf, þar sem þau greina frá efnisinnihaldi skýrslanna, og segir þar m. a.:

„Meðfylgjandi eru skýrslur, er taka á tveim meginþáttum vandans, annars vegar aðstöðu öryrkjanna á V.V.V., hins vegar þeim vandkvæðum, sem birtast í daglegri togstreitu milli framkvæmdastjóra og verkstjóra V.V.V. Í báðum þessum hlutum skýrslunnar er komið inn á tillögur til úrbóta. Því skilum við tveimur mismunandi skýrslum, en þar að auki fylgja með þau viðtöl sem við tókum við starfsmenn V.V.V., öryrkja, verkstjóra og framkvæmdastjóra. Við viljum taka fram, að við gáfum ofangreindum aðilum loforð fyrir því, að þessi viðtöl yrðu hvergi birt opinberlega. . . .“

„Undirrituð skila hér með hjálagðri skýrslu no. 2 um málefni V.V.V. Eins og fyrri skýrslan skiptist þessi einnig í tvo þætti: annars vegar um aðstöðu, aðbúnað og réttindi öryrkja þeirra, er á V.V.V. vinna, hins vegar um „hið skilgreinda vandamál“, þ. e. samskiptaörðugleika milli verkstjóra og framkvæmdastjóra V.V.V. annars vegar og milli framkvæmdastjóra og stjórnar V.V.V. hins vegar.“

Í fyrri hluta skýrslunnar, dskj. 5, fjalla þau Anna Karin og Brynjar um aðstöðu öryrkjanna og koma með tillögur til úrbóta. Í síðari skýrslunni, dskj. 8, er fjallað um, hvernig mál hefðu þróast milli skýrslugerða, en henni lýkur þannig:

„Um líðan öryrkjanna vegna togstreitu yfirmanna þeirra vísast í hinn hluta skýrslunnar, en þar kemur fram, að nánast enginn vilji eða geta er hjá aðilum til breytinga, og þ. a. l. verður líðan öryrkja á V.V.V. óbreytt með óbreyttu mannhaldi. . . .“

Gögnum málsins fylgja ekki viðtöl þau, sem í skýrslunum greinir, að því undanskildu, að með úrskurði dómarans frá 6. janúar sl., dskj. 53, var stjórnarformaður V.V.V. skyldaður til að leggja þann hluta skýrslu Brynjars Eiríkssonar og Önnu Karinar Júlíussen, sem hafði að geyma tilgreind ummæli í I. kafla, 2. og 3. tl., stefnunnar og það samhengi, sem þau þar standa í. Umræddur skýrsluhluti var lagður fram í þinghaldi 15. maí sl., og er þar greint frá fundi, er A. K. J. og B. E. héldu með stefnanda og stefnda 15. september 1987. Þar (dskj. 56) segir í upphafsorðum:

„Það var mjög erfitt fyrir þessa menn að hittast og ræða saman, báðir ákaflega þrjóskir og illir hvor út í annan.“ Stefndi er m. a. sagður hafa sagt eftirfarandi: . . . „viðurkenndi að hafa sagst myndu vinna að því, að Bjarni hætti. Sagðist þó ekki hafa framkvæmt það nema þegar hann væri spurður út í ástandið á vinnustaðnum. Var þeirrar skoðunar, að menn yrðu að ræða meira saman á vinnustaðnum, það væri mikilvægt skref í að bæta samskiptin, en var þó ekki mjög bjartsýnn á, að það tækist. Lét þau orð falla, að Bjarni væri geðveikur.“

Eftirfarandi er hins vegar m. a. haft eftir stefnanda um stefnda:

„Hann kann ekkert, fékk í upphafi að gera meira en hann gerir, en það sýndi sig strax, að hann var lélegur verkmaður. Kann ekkert, féll á prófinu, getur ekkert lært.“

Fyrir aðalmeðferð var lagt fram vottorð um heilsufar stefnda, og kemur þar fram, að stefndi, sem nú er vistmaður á Hraunbúðum, hafi 22. ágúst 1991 veikt alvarlega og síðan þá dvalist óslitið á ýmsum sjúkrastofnunum. Mat yfirlæknir sjúkrahúss Vestmannaeyja heilsufar hans þannig, að hann væri með öllu ófær um að gefa munnlega aðilaskýrslu í málinu.

Stefnandi gaf munnlega aðilaskýrslu fyrir dóminum. Hann staðfesti, að hann hefði verið á fundinum 15. september 1987, sem Brynjar Eiríksson og Anna Karin hefðu haldið með honum og stefnda, og kvað hann þá stefnda hafa sagt um sig, að hann væri geðveikur. Jafnframt viðurkenndi hann, að hann hefði viðhaft þau orð um stefnda, er í dskj. 56 greindi. Ekki kannaðist stefnandi við, að um trúnaðarfund hefði verið að ræða. Þannig hefði hann verið viðstaddur, er ætluð ummæli, er greinir í 2. tl. stefnunnar, féllu. Ætluð ummæli, er greinir í 1. og 3. tl. stefnunnar, sagði stefnandi, að hefðu fallið kl. 8.20 föstudaginn 8. maí 1987 í vinnusal Verndaðs vinnustaðar að Faxastíg 46, Vestmannaeyjum. Auk sín og stefnda hefðu þá verið þar viðstaddir 5 nafngreindir starfsmenn vinnustaðarins. Tilgreind ummæli í 4. tl. stefnunnar, sagði hann, að hefðu fallið 4. desember 1987. Ósættið milli hans og stefnda taldi hann vera af pólitískum toga spunnið. Það hefði hafist eftir bæjarstjórnarkosningar 1986.

Vitnið Óskar Þorgilsson, sem starfaði í kertaverksmiðjunni á árinu 1987, kvaðst hafa heyrt stefnda segja, að hann ætlaði að sjá til þess, að stefnanda yrði sparkað út úr verksmiðjunni. Ekki mundi vitnið, hvaða dag þetta var eða í hvaða mánuði, en taldi sig örugglega muna, að það hefði verið á árinu 1987. Það sagði, að þetta hefði verið á vinnustaðnum að morgni til; stefndi hefði verið eitthvað vondur út í stefnanda.

Vitnið Ágúst Helgason kvaðst hafa komið til starfa í kertaverksmiðjuna á árinu 1987 og verið ráðið leiðbeinandi. Það kvaðst hafa orðið vart við ýmsa samstarfsörðugleika á vinnustaðnum. Sagði vitnið, að samstarfsörðugleikarnir hefðu verið á milli stefnanda og samstarfsfólks hans og á milli stefnanda og stefnda. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa heyrt stefnda segja þau orð um stefnanda, sem stefnandi tilgreinir í 1. til 4. tl. I. kafla stefnunnar. Hnútukast milli manna kvaðst vitnið ekki hafa lagt á minnið, en var ekki frá því, að stefnandi kynni að hafa viðhaft þau orð um stefnda, sem eftir stefnanda eru höfð í dskj. 56. Vitnið sagði, að þegar það hefði verið kallað í viðtal til Önnu Karinar og Brynjars, hefði því verið heitið fullum trúnaði og lagt fyrir það að skila til starfsfólksins, að viðtölin

væru haldin á þessum trúnaðarforsendum. Starfsfólkinu hafi þannig verið heitið fullum trúnaði. Sjálfst kvaðst vitnið hafa skilið þann trúnað, sem því hafi verið heitið þannig, að það, sem það segði á þessum fundum, færi ekki út fyrir þá, sem héldu viðtölin, nema til stjórnar vinnustaðarins, aðrir ættu ekki að hafa aðgang að þessari skýrslu, eins og vitnið orðaði það. Togstreita stefnanda og stefnda kom vitninu þannig fyrir sjónir, að stefndi hefði verið tengiliður milli starfsfólksins og stefnanda og starfsfólkið hafi verið ósátt við stefnanda og störf hans.

— — —

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður sá, sem höfða vill einkarefsímál, að gera það, áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því að hann fékk vitneskju um hinn seka. Hin ætluðu refsiverðu ummæli stefnda um stefnanda, kveður stefnandi, að stefndi hafi viðhaft í maí (ummæli tilgreind í 1. tl.), september (ummæli í 2. og 3. tl.) og desember (ummæli í 4. tl.) á árinu 1987. Gegn stefnda höfðar stefnandi mál sitt hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 11. júní 1990. Heimild stefnanda til að höfða einkamál til refsingar út af ætluðum meiðyrðum stefnda var því löngu liðin, er stefnandi höfðar mál sitt, enda rúm þrjú ár liðin, frá því að ætluð ummæli, er stefnandi auðkennir undir 1. tl., eiga að hafa fallið, og tvö og hálft og tæp þrjú ár, er önnur tilgreind ummæli eiga að hafa verið sögð. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af refsikröfu stefnanda í máli þessu, en sök telst einnig fyrnd samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 81. gr. laga nr. 19/1940. Tilvísun til 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á í máli þessu hins vegar ekki við. Þessi niðurstaða felur í sér, að krafa stefnanda um, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kostnað vegna birtingar dóms í málinu, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga 19/1940, nær ekki fram að ganga, enda verður að telja það vera skilyrði fyrir beitingu þeirrar lagagreinar, að um ófyrnda sök sé að ræða.

Stefndi mótmælir því að hafa viðhaft þau ummæli um stefnanda, sem stefnandi sakar hann um. Í málinu kemur til skoðunar, hvort stefnanda hafi tekist að sanna, að tilgreind ummæli hafi fallið, og enn fremur, ef svo reynist vera, af hvaða tilefni og við hvaða aðstæður þau þá féllu.

Ummæli auðkennd undir 1. tl.: „Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út,“ kveður stefnandi hafi fallið föstudaginn 8. maí 1987 í vinnusal Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum að Faxastíg 46, Vestmannaeyjum, en þar er rekin kertaverksmiðjan Heimaey. Segir stefnandi, að stefndi hafi við-

haft ummælin yfir hóp starfsfólks vinnustaðarins. Hér verður á það að líta, að stefnanda hefði samkvæmt því verið í lófa lagið að afla tryggra sannana fyrir staðhæfingu sinni. Skýrar sannanir fyrir staðhæfingu stefnanda liggja hér hins vegar ekki fyrir. Vitnið Ágúst Helgason man ekki eftir að hafa heyrt stefnda viðhafa tilgreind ummæli um stefnanda, en vitnið Óskar Þorgilsson segist hins vegar hafa heyrt það. Það vitni gat hins vegar ekki staðfest, að það hefði verið í sama skipti og stefnandi tilgreinir, og vissi ekki um frekari málsvæðing, en taldi, að ummælin hefðu fallið vegna þess, að stefndi hefði verið eitthvað vondur út í stefnanda. Sönnun verður ekki byggð á þessum takmarkaða vitnisburði. Gegn andmælum stefnda verður þannig að telja ósannað, að stefndi hafi viðhaft hér umstefnd ummæli um stefnanda.

Ummæli auðkennd undir 2. og 3. tl.: „Bjarni er geðveikur“ og „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi.“ Staðhæfingu sína um, að stefndi hafi viðhaft tilgreind ummæli um sig, byggir stefnandi á dskj. 56, sem er, eins og að framan greinir, hluti úr skýrslu Önnu Karinar Júlíussen og Brynjars Eiríkssonar. Óumdeilt er, að það, sem í skýrslunni stendur, er ritað af þeim Önnu Karinu og Brynjari, og sá hluti hennar, sem hér um ræðir, er byggður á minnisatriðum eftir fund, sem þau áttu með stefnanda og stefnda hinn 15. september 1987. Stefndi mótmælir að hafa nokkurn tíma viðhaft þessi ummæli um stefnanda. Þau Anna Karin og Brynjar hafa ekki staðfest skýrslu sína. Gegn andmælum stefnda telst ósannað, að stefndi hafi viðhaft tilgreind ummæli um stefnanda.

Ummæli auðkennd undir 4. tl.: „Hann er, sko, geðveikur maðurinn.“ Stefndi staðhæfir, að ummælin hafi fallið 4. desember 1987 á Vernduðum vinnustað. Engar sannanir hefur stefnandi fært fyrir því, að stefndi hafi lát-ið umgetin orð falla um stefnanda í tilgreint sinn. Gegn andmælum stefnda telst ósannað, að hann hafi viðhaft þessi ummæli um stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verður að teljast ósannað með öllu, að stefndi hafi viðhaft þau ummæli, sem stefnandi sakar hann um í máli þessu. Ber því að sýkna stefnda af ómerkingarkröfu stefnanda sem og miskabótakröfu, en áður er þess getið, að sýkna beri stefnda af refsikröfu stefnanda og kröfu um birtingu dóms.

Frá ársbyrjun 1991 allt fram til 15. maí sl. hefur málareksturinn snúist að miklu leyti um það, hvort stefnandi ætti rétt á því að fá að leggja fram í málinu viðtöl í framangreindri skýrslu þeirra Önnu Karinar og Brynjars, sem stefnandi og stefndi höfðu ekki aðgang að. Einir fimm úrskurðir dóm-arans snertu þetta atriði beint eða óbeint, nú síðast 6. janúar 1992, og tvisv-ar fjallaði Hæstiréttur um þetta álitafni í dómum sínum frá 28. maí 1991 og 19. ágúst s. á., en sjónarmið aðila voru ósættanleg. Þar sem kveðið var á um

málskostnað í úrskurðum og dómum þessum, var hann látinn niður falla, en úrskurðurinn frá 6. janúar sl. kvað skýrt á um skyldu formanns stjórnar Verndaðs vinnustaðar til framlagningar á dskj. 56. Við mat á málskostnaði verður þessi þræta málsaðila höfð í huga, og með því að sjónarmið stefnanda urðu þar ofan á, verður stefnandi, þrátt fyrir það að efnisleg niðurstaða málsins sé honum afdráttarlaust í óhag, einungis dæmdur til að greiða stefnda 40.000 kr. í málskostnað, er að kröfu stefnda, sbr. einnig 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991, skal bera dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Mál þetta, sem áður var rekið fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, færðist yfir í Héraðsdóm Suðurlands, sbr. I. kafla laga nr. 92/1989 og 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991, hinn 1. júlí sl. Málið hefur hlotið nýtt málanúmer í samræmi við áorðna réttarfarsbreytingu, en málið bar áður málanr. 61/1990.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Vilhjálmur Árnason, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bjarna Jónassonar, í máli þessu, og skal stefnandi greiða stefnda 40.000 krónur í málskostnað, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.
